

Ár 2023, fimmtudaginn 16. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2022**:

**Málskotsaðilar M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r :**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. október 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. 14. október 2022. Með tölvupósti nefndarinnar 20. október 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 17. nóvember 2022. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar hinn 17. nóvember 2022, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki eru frekari athugasemdir frá varnaraðila

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. janúar og 16. febrúar 2023.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Hinn 10. febrúar 2021 undirrituðu sóknaraðilar íbúðalán hjá varnaraðila. Um var að ræða 32.000.000 kr. óverðtryggt íbúðalán með breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum til 25 ára með fyrsta gjalddaga hinn 1. apríl 2021.

Rúmu ári síðar, hinn 11. febrúar 2022 óskuðu sóknaraðilar eftir því að festa vexti á láninu til 36 mánaða. Þá beiðni samþykkti varnaraðili með tölvupósti, dags. 15. febrúar 2022, þar sem bent var á að viðauki vegna þessa væri tilbúinn til undirritunar í útibúi og að sóknaraðilar gætu bókað tíma fyrir undirritun á heimasíðu varnaraðila.

Hinn 8. ágúst 2022 höfðu sóknaraðilar samband við varnaraðila símleiðis og furðuðu sig á því að vextirnir hefði ekki verið festir. Í símtali sem upptaka af fylgdi kvörtuninni bendir varnaraðili á að vextir lánsins yrðu ekki festir miðað við þá vexti sem voru í gildi 10. febrúar 2022 þar sem sóknaraðilar hefðu ekki undirritað viðaukann. Sóknaraðilar vísuðu til þess í símtalinu að enginn fyrirvari væri til staðar um að þau þyrftu að undirrita viðaukann. Bætti starfsmaður varnaraðila við að hún myndi hafa samband við lögfræðiráðgjöf og athuga hvort hægt væri að festa vextina miðað við febrúar 2022 en að fyrirvari þar um kæmi fram á viðauka, auk þess sem hún teldi ekki þörf á því að slíkur fyrirvari kæmi fram, enda væru liðnir um sex mánuðir frá því að samþykki lá fyrir.

Sóknaraðilar sendu tölvupóst til varnaraðila, dags. 10. ágúst 2022, þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvort búið væri að leiðrétta þetta fyrir sig. Svar barst daginn eftir, 11. ágúst 2022, þess efnis að málið væri í skoðun og að varnaraðili myndi hafa samband þegar niðurstaða lægi fyrir. Síðar sama dag barst formleg synjun varnaraðila á erindi sóknaraðila þar sem vísað var til þess að samkvæmt reglum varnaraðila sé ekki hægt að festa vexti á íbúðalánnum til samræmis við fastvaxtaviðauka hafi vextir hækkað í millitíðinni, enda séu þá vextirnir ekki í samræmi við auglýsta vaxtatöflu varnaraðila. Til að koma til móts við viðskiptavinum hafi varnaraðili þó almennt miðað við að heimilt sé að festa vexti samkvæmt fastvaxtaviðauka þrátt fyrir að vextir hafi hækkað enda séu þá ekki meira en 30 dagar liðnir frá gerð viðaukans. Þar sem sex mánuðir hafi liðið frá því að samþykki hafi legið fyrir og varnaraðili auglýst í átta skipti nýja vexti á sambærilegum íbúðalánnum hafi ekki verið mögulegt að festa vextina miðað við upphaflegt samþykki, og að lokum bætt við að þetta hafi sóknaraðilum mátt vera kunnugt.

Frá þeim tíma áttu sér stað nokkur samskipti milli málsaðila sem leiddi til þess að kvörtun var send til úrskurðarnefndarinnar 18. október 2022.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess í fyrsta lagi að varnaraðili festi vexti á láni þeirra frá 15. febrúar 2022 í 36 mánuði, þ.e. til 15. febrúar 2025. Í öðru lagi krefjast sóknaraðilar að um vaxtafestinguna gildi að öðru leyti skilmálar viðauka við óverðtryggt íbúðalán. Í þriðja lagi krefjast sóknaraðilar að varnaraðili endurgreiði sóknaraðilum vaxtakostnað umfram vaxtafestingu frá 15. febrúar 2022. Í fjórða lagi krefjast sóknaraðilar þess að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðilum málskostnað vegna lögmannsaðstoðar við að hafa uppi kröfu þessa fyrir nefndinni auk virðisaukaskatts.

Sóknaraðila byggja á því að varnaraðili sé skuldbundinn af samþykki sínu um vaxtafestingu óháð undirritum umrædds viðauka í ljósi þess hvernig samþykki vaxtafestingarinnar var komið til þeirra, sbr. meginreglur laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

Bersýnilega komi fram að umsókn sóknaraðila um að festa vexti hafi verið samþykkt af varnaraðila. Enginn fyrirvari sé við því samþykki og í engu útskýrt eða komið á framfæri í umræddu samþykki að samþykkið væri á nokkurn hátt háð undirritun sóknaraðila á viðaukann, þess þá síður að tímamörk væru á því fyrir hvaða tíma undirritun þyrfti að eiga sér stað. Einungis hafi komið fram í samþykkinu að undirrita þyrfti viðauka vegna þessa óháð gildistöku.

Sóknaraðilar telja þannig að kominn hafi verið á samningur um vaxtafestinguna með beiðni þeirra um slíkt og samþykki varnaraðila þar um, sem ekki hafi verið háð fyrirvara eða a.m.k. ekki nægjanlega skýrum fyrirvara.

Sérstaka athygli veki í þessu sambandi að umræddum viðauka var aldrei komið til sóknaraðila en í honum komi fram skv. 6. tölul. að hann skuli undirritaður af viðeigandi aðilum og afhentur varnaraðila eigi síðar en 17. mars 2022. Að öðrum kosti myndi hann falla niður. Í raun sé óskiljanlegt fyrst svo var af hverju þeim upplýsingum hafi ekki verið komið til vitundar sóknaraðila samhliða samþykki á vaxtafestingunni, eða a.m.k. einhverjum upplýsingum að samþykki varnaraðila væri á einhvern hátt háð undirritun sóknaraðila. Upphaflega þegar sóknaraðilar hafi tekið fasteignalán sitt hafi upplifun þeirra af vinnubrögðum varnaraðila verið sú að varnaraðili leiðbeindi þeim, bæði í tölvupósti og símleiðis til hvaða aðgerða þau þyrftu að grípa vegna lántöknar.

Hafi þau þannig reglulega fengið skýringar og fyrirmæli varnaraðila um dagsetningar, undirritanir og áminningar. Hafi þau þannig ekki haft ástæðu til annars en að ætla að hið sama gildi nú, væru einhverjir fyrirvarar eða dagsetningar sem hafi ráðið úrslitum um gildistöku vaxtafestingarinnar.

Sóknaraðilar telji að í ljósi yfirburðastöðu varnaraðila gagnvart þeim og að um fjármálafyrirtæki sé að ræða hvíli það á varnaraðila að hafa fyrirmæli til viðskiptavina sem séu skýr og ótvíræð. Ekki verði séð að varnaraðili komi til með að bera nokkurt tjón af því að fallist verði á kröfur sóknaraðila í þessu máli heldur verði varnaraðili eins settur og ef vaxtafestingin hafi tekið gildi á þeim tíma sem upphaflega var áætlað. Varnaraðili hins vegar komi til með að hagnast á kostnað sóknaraðila fái ákvörðun um að hafna vaxtafestingu að standa.

Sóknaraðilar bendi á reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavinum og meðhöndlun kvartana nr. 353/2022. Samkvæmt þeim beri fjármálafyrirtæki að starfa á heiðarlegan og réttlátan hátt gagnvart viðskiptavinum og að þeim beri að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar er varði viðskiptasamband þeirra og gæta hagsmuna viðskiptavina sinna.

Það framferði sem í kvörtun þessa máls hafi verið lýst, gangi í berhögg við bæði skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt fyrrgreindri reglugerð, sbr. og lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, svo og heilbrigða viðskiptahætti, trúnaðarsamband, traust og gagnsæi gagnvart kvartendum auk þess að standast ekki gagnvart meginreglum laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936, sbr. t.d. Hrd. 461/2011.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að þar sem sóknaraðilar hafi ekki komið í útbúið til að undirrita viðaukann líkt og bent hafi verið á í tölvupóstinum og hafi ekki verið í sambandi við starfsmenn útibúsins hafi verið litið svo á að sóknaraðilar hefðu hætt við að festa vextina. Þá vísar varnaraðili til þess að upptaka sú sem fylgdi kvörtun sóknaraðila hafi verið brot á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um fjarskipti nr. 70/2022.

Þegar sóknaraðilar hafi sótt um í febrúar 2022 að fá að festa vexti á íbúðaláni sínu hafi á vef varnaraðila verið upplýsingar um að af lántaki væri með lán á breytilegum vöxtum væri hægt að óska eftir breytingu í fasta vexti. Vextirnir miðist við þá vexti sem séu í boði hverju sinni. Útbúin sé skilmálabreyting sem þurfi að þinglýsa. Einnig komi fram að vaxtakjörin miðist við þá vaxtatöflu sem sé í gildi þegar sótt sé um skilmálabreytinguna.

Sóknaraðilum hafi verið ljóst að ef þau hafi viljað festa vextina á íbúðaláninu þyrftu þau að sækja sérstaklega um það og einnig væri þeim ljóst, eða mátti vera ljóst, að þurft hafi að gera skilmálabreytingu, þ.e. viðauka, við íbúðalánið sem þau hafi þurft að undirrita svo að vaxtafestingin tæki gildi, það væri skilyrði þess að hægt væri að festa vextina.

Að mati varnaraðila verði að gera þá kröfu til sóknaraðila að kynna sér efni á vef varnaraðila varðandi það hvort hægt sé að breyta vöxtum á því láni sem þau hafi tekið hjá bankanum. Ljóst sé að allt efni á vef varnaraðila hafi verið efnislega rétt og allar upplýsingar til staðar um það hvort og hvernig sóknaraðilar gætu fest vexti íbúðalánsins. Vanræksla á að kynna sér framangreint efni á vef varnaraðila sé á ábyrgð

sóknaraðila og fá þau ekki aukin rétt við það athafnaleysi sitt að hafa ekki skoðað þær upplýsingar sem fram komi á vef varnaraðila.

Fram hafi komið í tölvupósti starfsmanns varnaraðila, dags. 15. febrúar 2022, að beiðnin um að festa vextina væri samþykkt. Í tölvupóstinum hafi ekki komið fram hverjir vextirnir yrðu eftirleiðis, í hve langan tíma vaxtafestingin gildi né hvenær fyrsti gjalddagi væri. Öll þessi atriði komi fram í fastvaxtavíðaukanum við íbúðalánið og feli í sér efnislega breytingu á ákvæðum íbúðalánsins og hafi sóknaraðilum því mátt vera ljóst að þurfti hafi að gera skilmálabreytingu á láninu, þ.e. víðauka, svo að samningur kæmist á milli aðila um að festa vextina og að þau hafi þurft að undirrita hann á sama hátt og þau hafi undirritað upphaflega lánaskjalið.

Varnaraðili hafni því að hann hafi breytt fyrra samþykki sínu varðandi það að sóknaraðilar gætu fest vextina á íbúðaláni sínu. Sóknaraðilum væri ljóst að gera þurfti formlega skilmálabreytingu á efni íbúðalánsins sem þurfti að þinglýsa og því þurftu þau að undirrita víðauka við lánið. Fram komi í tölvupóstinum að víðaukinn væri tilbúinn til undirritunar og best væri að panta tíma til að koma og undirrita hann. Ekki væri ástæða til að geta um víðaukann í tölvupóstinum nema hann skipti máli varðandi það að klára vaxtafestinguna en sóknaraðilar hafi tekið einhliða ákvörðun um að undirrita hann ekki. Sóknaraðilum væri ljóst að undirrita þurfti víðaukann og þinglýsa honum til að samningur um vaxtafestinguna tæki gildi.

Fram komi í tölvupósti sóknaraðila, dags. 11. ágúst 2022, að frá þeim tíma sem starfsmaður varnaraðila sendi þeim tölvupóst hinn 15. febrúar 2022 þar sem umsóknin um að festa vextina væri samþykkt hafi þau verið í fullkomlega góðri trú um að þetta hefði verið samþykkt og gengið í gegn og því töldu þau að auglýsingar um vaxtahækkningar kæmu þeim ekki við enda þegar búin að festa vextina. Varnaraðili mótmælir þessum röksemdum, sbr. það sem fram komi hér að framan auk þess sem sóknaraðilar hafi séð svart á hvítu á greiðsluseðlum lánsins að ekki væri búíð að festa vexti þess. Undir þetta sé tekið í greinargerð lögmanns þeirra, en þar segi á bls. 1, að tvær grímur hafi runnið á sóknaraðila þegar þau hafi tekið eftir stighækkandi greiðslubyrði lánsins og farið því að velta fyrir sér hvernig vaxtafesting virkaði fyrst greiðslubyrðin ykist. Þrátt fyrir það hafi þau ekki haft samband við starfsmenn varnaraðila í sex mánuði til að athuga hvort búíð væri að festa vextina.

Varnaraðili hafnar því að neitun sín í ágúst 2022 um að fastvaxtavíðauki frá 15. febrúar 2022 væri enn í gildi gangi gegn skyldum bankans samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana nr. 353/2022. Fastvaxtavíðauki hafi aldrei orðið að samningi aðila þar sem hann væri ekki undirritaður í samræmi við reglur varnaraðila. Athafnaleysi sóknaraðila að kynna sér framangreint efni á vef bankans um þær reglur sem gildi um óskir viðskiptavina um að festa vexti og ákvörðun um að koma ekki í útibúíð og undirrita víðaukann þrátt fyrir áskorun þar um sé ástæða þess að samningurinn hafi ekki komist á og beri þau ein ábyrgð á því.

Varnaraðili mótmæli því að Hrd. 461/2011 sé fordæmi í þessu máli. Í dómnum sé fjallað um það hvort uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1936 um að frestur hafi verið veittur til að samþykkja munnlegt tilboð, en þau þurfi að samþykkja þegar í stað. Í þessu máli hafi sóknaraðilar fengið skriflegt svar í tölvupósti vegna beiðni um að festa vexti á láni þeirra. Í svarinu kæmi fram að beiðnin væri samþykkt með því skilyrði að sóknaraðilar undirrituðu víðauka við lánið þess efnis sem þurfti síðan að þinglýsa. Sóknaraðilar hafi ekki undirritað víðaukann og því hafi ekki komist á samningur um að festa vextina.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar bendir varnaraðili á að samkvæmt j-lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar fjalli nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns um málskostnað eða annan kostnað viðskiptamanns sem kunnir að hafa orðið vegna lögmanskostnaðar í máli. Vísar varnaraðili í því sambandi til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 39/2014 og 2/2019. Verði því að hafna málskostnaðarkröfunni.

## V.

### Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort komist hafi á bindandi samningur um að festa vexti á láni sóknaraðila hinn 15. febrúar 2022.

Sóknaraðili reisir málatilbúnað sinn á því að þegar varnaraðili hafi sent sér tölvupóst hinn 15. febrúar 2022, þess efnis að samþykkja beiðni sóknaraðila frá 11. febrúar 2022 um að festa vexti á láninu, hafi komist á bindandi samkomulag. Samþykkið hafi verið án fyrirvara og í engu útskýrt eða komið á framfæri í samþykkinu að það væri á nokkurn hátt háð undirritun sóknaraðila á viðaukann, þess þá síður að tímamörk væru á því fyrir hvaða tíma undirritun þyrfti að eiga sér stað.

Varnaraðili mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila. Hið rétta sé að bindandi samningur hafi ekki komist á þar sem sóknaraðilar hafi ekki komið í útibúið til að undirrita viðaukann líkt og bent hafi verið á í tölvupóstinum. Þar sem sóknaraðilar hafi ekki verið í sambandi við starfsmenn útibúsins hafi verið litið svo á að sóknaraðilar hefðu hætt við að festa vextina. Þá hafi sóknaraðilum mátt gera sér grein fyrir að undirrita þyrfti viðaukann svo að vaxtafestingin tæki gildi.

Með löggerningi er átt við viljayfirlýsingu, sem ætlað er að stofna, breyta eða afnema rétt. Sé löggerningur þess efnis að hann þarfnist samþykkis nefnist hann tilboð og sé tilboðið samþykkt er kominn á samningur. Af meginreglunni um skuldbindingargildi samninga leiðir að ef samningsaðili sér eftir því að gangast undir samning getur hann almennt ekki losnað undan samningsskuldbindingum sínum án samþykkis gagnaðila.

Óumdeilt er að hinn 11. febrúar 2022 hafi sóknaraðilar óskað eftir því við varnaraðila að vextir á láni þeirra yrðu festir til 36 mánaða og að varnaraðili hafi samþykkt þá beiðni með tölvupósti fjórum dögum síðar, hinn 15. febrúar 2022. Í tölvupósti varnaraðila, þar sem umþrætt vaxtafesting var samþykkt, var sóknaraðilum bent á að viðauki vegna festingarinnar væri tilbúinn til undirritunar í útibúi og að þau gætu bókað tíma fyrir undirritun á heimasíðu varnaraðila. Engar frekari skýringar fylgdu samþykkinu. Einnig er óumdeilt að í viðaukanum sjálfum um vaxtafestinguna komi fram sá fyrirvari að vaxtafestingin falli niður yrði viðaukinn ekki undirritaður fyrir 17. mars 2022.

Þegar litið er til ofangreinds er ekki unnt að líta öðruvísi á en að varnaraðili hafi í skilningi samningaréttar samþykkt tilboð sóknaraðila án þess að leggja fram nægilega skýran fyrirvara um að vaxtafestingin tæki ekki gildi nema viðaukinn yrði undirritaður. Í íslenskum fjármunarétti er það meginregla að gildi löggerninga er ekki bundið við tiltekið form nema lög eða skilmálar aðila í lögskiptum sínum skilyrði slíkt. Öll frávik frá þessari meginreglu verða að koma skýrt fram. Fallast má á það með varnaraðila að efni viðaukans ber það vissulega með sér að vilji varnaraðila hafi verið sá að gildi viðaukans væri bundið við það að hann yrði undirritaður, sbr. 6. tölul. viðaukans. Hins vegar telur nefndin alveg ljóst að fyrirvara þess efnis er ekki að finna í samþykki varnaraðila á beiðni sóknaraðila um að festa vexti. Þvert á móti kemur berum orðum

fram að beiðnin um að festa vextina væri samþykkt. Varnaraðila var í lófa lagið að benda sóknaraðilum á vaxtafestingunni tæki ekki gildi fyrr en viðaukinn yrði undirritaður og að undirrita þyrfti innan 30 daga. Með þetta í huga gátu sóknaraðilar ekki skilið samþykkið öðruvísi en svo, að varnaraðili væri að samþykkja vaxtafestinguna og að samþykkið væri án fyrirvara.

Ekki er fallist á þær útskýringar varnaraðila að hafa litið svo á að sóknaraðilar hefðu hætt við vaxtafestinguna þar sem þau hefðu ekki undirritað viðaukann. Fyrir það fyrsta liggur ekkert fyrir um að sóknaraðilar hafi haft nokkra vitneskju um nauðsyn þess að viðaukinn yrði undirritaður auk þess sem vandséð er hvaða hag sóknaraðilar myndu hafa af því að hætta við að festa vextina. Þá er ekki heldur á það fallist með varnaraðila að útskýringar á heimasíðu varnaraðila sýni að undirrita þyrfti lánið svo það tæki gildi. Þannig kemur skýrlega fram í því gagni sem varnaraðili sjálfur lagði fram að aðeins er sagt að útbúin sé skilmálabreyting við lánið sem síðan þurfi að þinglýsa. Ekki er hægt að ætlast til þess af neytanda fjármálafyrirtækis að hafa þá vitneskju að undirrita þurfi slík skjöl. Einnig er til þess að líta í grein birtri á heimasíðu varnaraðila, sem fyrst birtist 27. ágúst 2021 og var síðast uppfærð 2. september 2022, er vísað til þess að mjög einfalt sé að sækja um að festa vexti: aðeins þurfi að ýta á einn hnapp í appi varnaraðila, varnaraðili muni í kjölfarið hafa samband og ganga frá umsókninni og að kjörin á láninu miðist við það sem sé í gildi daginn sem óskað er eftir að festa vextina.

Að öllu ofangreindu virtu er það mat nefndarinnar að bindandi samningur komst á milli málsaðila um að festa vexti á láni sóknaraðila frá 15. febrúar 2022 í 36 mánuði, þ.e. til 15. febrúar 2025.

Fallist er á með varnaraðila að um vaxtafestinguna skuli gilda skilmálar þess viðauka við ofangreint lán sem er meðal málsgagna en þó þannig að viðaukinn skal undirritaður af hálfu sóknaraðilum og öllum öðrum viðeigandi aðilum í viðurvist votta og afhentur varnaraðila eigi síðar en mánuði frá því að varnaraðili tilkynnir sóknaraðilum að viðaukinn sé tilbúinn til undirritunar.

Fallist er á með sóknaraðilum að varnaraðila beri að endurreikna þá vexti sem sóknaraðilar hefðu greitt ef vaxtafestingunni hefði verið í gildi frá 15. febrúar 2022 og endurgreiða þá fjárhæð sem þau hafa ofgreitt miðað við það.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar hefur nefndin hefur nefndin samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu. Verður kröfu þeirra um greiðslu málskostnaðar þar af leiðandi vísað frá með vísan til j. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktanna.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila hinn 15. febrúar 2022 um að festa vexti á láni sóknaraðila frá 15. febrúar 2022 til 15. febrúar 2025.

Viðurkennt er að um ofangreinda vaxtafestingu gildi skilmálar þess viðauka við lán sóknaraðila sem er meðal málsgagna en þó þannig að viðaukinn skal undirritaður af hálfu sóknaraðilum og öllum öðrum viðeigandi aðilum í viðurvist votta og afhentur varnaraðila eigi síðar en mánuði frá því að varnaraðili tilkynnir sóknaraðilum að viðaukinn sé tilbúinn til undirritunar.

Fallist er á þá kröfu sóknaraðila að varnaraðila beri að endurreikna þá vexti sem sóknaraðilar hefðu greitt ef vaxtafestingunni hefði verið í gildi frá 15. febrúar 2022 og endurgreiða þá fjárhæð sem þau hafa ofgreitt miðað við það.

Kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar úr hendi varnaraðila er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 16. febrúar 2023

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir  
Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir  
Magnús Fannar Sigurhansson